

Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 101.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn á netinu 5. apríl 2022 kl 15:00. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Stefán Gísli Haraldsson (varamaður), Snorri Finnlaugsson, áheyrnarfulltrúi frá Flokkun Eyjafjarðar og Fannar J. Viggósson.

Þórhallur Bjarnason, Smári Guðfinnsson og Gunnar Svavarsson sátu fundinn undir lið 2-3.

Dagskrá

1. Fundargerð 100. fundur.
2. Kynning Þórhalls Bjarnasonar á úrgangsnýtingu
3. Brennslustöð og urðunnarhólf
4. Ársreikningur 2021
5. Aðalfundur 2022, ákvörðun um dagskrá og fundarstað
6. Rekstur urðunarstaðar, staða og horfur
7. Staða erinda:

1. Fundargerð 100. fundur.

Fundargerð frá stjórnarfundum nr. 100 samþykkt formlega.

2. Kynning Þórhalls Bjarnasonar á úrgangsnýtingu

Þórhallur S. Bjarnason verkefnastjóri hjá JT Consulting ehf., kynnti aðferð sem hann kallar vistvæn lausn á eyðingu sorps. Aðferðin gengur út á að vinna afurðir eins og olíu, orku og mjöl úr því sorpi sem verið er að urða í dag með loftstýrðum ferlum. Segir hann þessa aðferð hafa verið setta upp í mörgum löndum en dæmi um staðsetningu voru ekki auðfengin. Þórhalli þakkað fyrir kynninguna.

3. Brennslustöð – urðunarhólf.

a. Brennslustöð

Smári Guðfinnsson fór yfir stöðu verkefnisins að byggja brennsluofni fyrir dýrahæ hjá Norðurá. Varðandi útboð á verkefninu þá eiga byggðasamlög sem eru 100% í eigu sveitarfélaga að falla undir lög um opinber innkaup og því gildi sömu útboðsreglur og fjárhæðir sem gilda um sveitarfélög. Gert er ráð fyrir að bygging aðstöðunnar verði boðinn út sér og síðan vélbúnaður og uppsetning sér. Áfram er unnið að lausn á fráveituvatni frá



brennslustöðinni. Einnig er unnið að undirbúningi á ýmsu sem snýr að hönnun húsnæðis, gassöfnun og fleira ásamt uppfærslu á kostnaðaráætlun.

b. Urðunarhólf

Gunnar Svarvarsson gerði grein fyrir niðurstöðum á mælingum á urðunarhólfinu en samkvæmt mælingum frá því í ágúst 2021 eru 139.000 m³ eftir sem er samt meira pláss en gert var ráð fyrir. Ástæðan er góð nýting og þjöppun við frágang á sorpi í hólfinu. Hólfíð gæti því dugað til loka árs 2024. Gert er ráð fyrir að hönnun og útboð taki um 10 mánuði. Lagt er til að hönnun fari af stað í mars 2023 og að útboð og verklok á stækkuninni verði fyrir lok árs 2024. Gert er ráð fyrir að næsta stækkun á hólfinu verði minni en sú sem síðast var gerð en endanleg útfærsla liggur ekki fyrir.

4. Ársreikningur 2021

Magnús kynnti drög að ársreikningi fyrir árið 2021. Megin niðurstöður hans eru að rekstrartekjur félagsins námu 191,7 millj. kr. á árinu 2021 og lækkuðu um 65,0 millj. kr. milli ára eða um 25%. Hagnaður félagsins á árinu 2021 nam 36,2 millj. kr. Eigið fé félagsins í árslok nam 582,6 millj. kr. (2020: 546,4 millj. kr.) að meðtöldu stofnfé félagsins að fjárhæð 12,6 millj. kr. Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 4,08 (2020: 4,4).

Stjórn Norðurár bs. ræddi ársreikning félagsins fyrir árið 2021 og staðfesti hann en reikningurinn verður sendur til rafrænnar undirritunar. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

5. Grænt bókhald 2021

Fyrir fundinum lá grænt bókhald Norðurá bs., vegna ársins 2021 sem Magnús fór yfir og stjórn ræddi. Bókhaldið var samþykkt samhljóða. Skila þarf græna bókhaldinu til Umhverfisstofnunnar fyrir 1. maí.

6. Aðalfundur 2022, ákvörðun um dagskrá og fundarstað

Fyrir fundinum lágu drög að dagskrá aðalfundar 2022. Stjórn samþykkti að halda aðalfund Norðurá bs. miðvikudaginn 20. apríl kl: 14:00 í Miðgarði í Skagafirði.

Samþykkt að auk hefðbundinna aðalfundarstarfa muni Smári Guðfinnsson fara yfir undirbúning að uppsetningu á brennsluofni fyrir dýrahæ. Einnig samþykkt að kanna möguleikann á að fá Stefán Gíslason Umhverfisstjórnarfræðing til að vera með kynningu á stöðu og horfum í úrgangsmálum á Íslandi.

7. Rekstur urðunarstaðar, staða og horfur

Fannar fór yfir stöðu og horfur í rekstri urðunarstaðarins sem í heild gengur vel. Mikið vind og veðurálag hefur verið á svæðinu í vetur sem hefur orðið til þess að oft hefur þurft að loka fyrir móttöku á sorpi.

Sorpmagn í ár virðist ætla að verða svipað og var árið 2021.

Settar voru tvískiptar vaktir í janúar, starfsmenn Norðurá bs veiktust af Covid eftir áramótin en með skipulagningu höfðu veikindin ekki þau áhrif að loka þyrfti urðunarstaðnum.

Fannar fór einnig yfir viðhaldspörf á nokkrum tækjum. Fram undan er að mála þjónustuhúsið að bæði innan og utan.

8. Staða erinda

a. Úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála

Beðið er niðurstöðu en dregist hefur að fá svar úrskurðarnefndinni vegna kæru Norðurá bs vegna reiknings UST fyrir eftirlit umfram venjubundin þjónustugjöld.

b. PCC Bakki Silicon

Gunnar Svavarsson umhverfisverkfræðingur hjá Efla verkfræðistofu fór yfir efnainnihald þess sem PCC hefur óskað eftir að fá að koma með til urðunar og bar undir UST. Félaginu hefur verið tilkynnt um niðurstöðurnar og reiknað með að fyrstu farmar munu berast til urðunar næstu daga og gert að skilyrði að efnainnihald þeirra verði samkvæmt fyrirbyggjandi greiningum. Ekki liggur fyrir hvað mikið af efni muni koma en eitthvað hefur safnast upp af efni hjá þeim sem leyfilegt er að urða.

c. Vegna Svæðisáætlunar

Öllum aðildarsveitarfélögum Norðurá var sent bréf og óskað samþykkis á að Norðurá tæki að sér að vera mótaðili fyrir þeirra hönd við gerð svæðisáætlunar. Það komu jákvæð svör frá þeim og SSNE hefur verið tilkynnt um að Norðurá verði aðili að gerð svæðisskipulagsins fyrir hönd þessara sveitarfélaga.

9. Önnur mál

Engin

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 17:00

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Stefán Gísli Haraldsson

Snorri Finnlaugsson

Fannar Viggósson